

hvors þeirra. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lög-
mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins í þessu máli skal óraskað. Hinn ákærði, Gísli Sigfússon, greiði allan af á-
frýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á
meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns
fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanna Jóns Jóns-
sonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lög-
birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. aprílmán.

22/1879 Landshöfðinginn fyrir hönd landssjóðsins
gegn

hjeraðslækni Þorsteini Jónssyni

D ó m u r:

Eptir að ráðherra Íslands hafði veitt landshöfð-
ingjanum heimild til, ef til þess kæmi, að taka á móti
málssókn á hendur landssjóðnum af hálfu Þorsteins
Jónssonar, hjeraðslæknis á Vestmannaeyjum, útaf því,
að hann þóttist eiga tilkall til hærri launa fyrir árin
1876-78, en honum höfðu greidd verið úr landssjóði
að fyrirlagi stjórnarinnar og fjárveitingarvaldsins, höfð-
aði tjeður hjeraðslæknir mál gegn landshöfðingjanum
fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur til þess að fá dóm
fyrir þessu tilkalli sínu, og með dómi, kveðnum upp
fyrir nefndum rjetti 7. ágústmán. f. á., er landshöfð-
inginn fyrir hönd landssjóðsins skyldaður til að greiða
stefnandanum, Þorsteini hjeraðslækni Jónssyni, van-
goldin laun úr landssjóði, nefnilega fyrir árið 1876: kr

38,33, fyrir árið 1877 kr. 230,00 og fyrir árið 1878 kr. 230,00, samtals kr. 498,33, með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 10. janúarmán. 1879, þangað til borgun fer fram, sem og til að greiða honum allan kostnað af málinu honum að skaðlausu. Þar á ofan er stefnand-
 anum dæmdur rjettur til að fá greiddar úr landssjóði eptirleiðis launabætur þær, er honum áttu að greiðast eptir reglum um launagreiðslu honum til handa fyrir 1. janúarmán. 1876, þar á meðal 60 kr. á ári í stað embættisjarðar. Þessum dómi hefur landshöfðinginn fyrir hönd landssjóðsins áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 13. septembermán. f. á., og hefur hann krafizt að verða sýknaður af öllum kærum og kröfum hins stefnda í þessu máli, en að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða áfrýjandanum allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjaði undirrjettardómur verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða allan málskostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Eptir skýrslum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin í máli þessu, er það þannig vaxið.

Í «Departementstidenden» fyrir 1865, bls. 491, var auglýst, að hjeradslæknisembættið á Vestmannaeyjum væri laust, og að laun þau, sem embættinu fylgdu, væru 500 rdl. árlega og 30 rdl. árlega í stað bújarðar, sem væri greitt eptir fyrirmælunum um launaauka eptir kornverði í lögum 19. febrúarmán. 1861. Í auglýsingunni var ennfremur tekið fram, að dómsmálastjórnin ætlaði að fara þess á leit, að þeim manni, sem yrði skipaður í embættið, yrði veitt með fjárlögum fyrir næsta fjárhagsár þar á eptir (1866—67) samskonar launaviðbót og veitt var með lögum 19. janúarmán. 1863 embættismönnum þeim, sem þá sátu í hjerads-

læknisembættunum, og þeim, sem skipaðir yrðu í embætti á Íslandi, sem þá voru laus, en eftir því yrðu laun þessa hjeradslæknis 600 rdl. á ári með 100 rdl. launaviðbót fyrir hverja 3 ára embættisþjónustu, þó þannig, að launin eigi færi fram úr 1000 rdl., en að peningapóknunin í stað bújarðar hjeldist. Eftir að upphæð sú, sem stjórnin hafði farið fram á í þessu skyni, hafði verið veitt í fjárlögunum fyrir 1866—67, var hinn stefndi skipaður í hjeradslæknisembættið á Vestmannaeyjum 31. októbermán. 1867, og var honum síðan með fjárlögunum fyrir 1870—71 veitt 100 rdl. launaviðbót frá 1. nóvembermán. 1870, og með fjárhagsáætluninni fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873 önnur 100 rdl. launaviðbót frá 1. nóvembr. 1873, og þar sem launahækkunin eftir kornverði samkvæmt lögum 26. marzmán. 1870, 9. gr. var orðin að föstum launaauka, voru embættislaun hins stefnda 1. novbrmán. 1873 samtals 998 rd. eða 1996 kr. árlega. Að þessum launakjörum sat hinn stefndi þegar lög 15. októbermán. 1874 um aðra skipun á læknahjerudunum á Íslandi og fleira öðludust gildi. Í 3. gr. laga þessara eru launin handa 20. læknishjeraði, Vestmannaeyjum, ákveðin 1500 kr. á ári, en um hjeradslækna þá, sem þá voru skipaðir í föst embætti, er svo fyrir mælt, að, ef þeir hafa meira í laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og bújörð), en þeim bæri samkvæmt lögnum, skuli fara eftir því, eem fyrir er mælt í hinum almennu launalögum, dags. s. d. I, 7. gr. Þessar launaákvæðanir þýddi stjórnin svo í brjefum 8. nóvembermán. 1875 og 28. febrúarmán. 1876 (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1875 B, bls. 102—104 og 1876 B bls. 34—38), að hjeradslæknum þeim, sem þá voru, bæri frá 1. janúarmán. 1876 laun þau, sem veitt væru embættum þeirra í 3. gr. læknaskipunarláganna 1. lið, og ef laun

þeirra væru hærri 31. des. 1875, ættu þeir samkvæmt 2. lið sömu greinar að halda því, sem fram yfir væri, sem launaviðbót fyrir sjálfa sig, en frekari launaviðbætur bæri þeim ekki. Samkvæmt þessu voru laun hins stefnda fyrir árin 1876 og 1877 ákveðin þannig, að honum bæri 1500 krónur í laun og 496 kr. í launaviðbót fyrir sjálfan sig hvort árið, og með fjárlögum fyrir árin 1878 og 1879 voru laun hans ákveðin á sama hátt. Hinn stefndi hefur aptur á móti haldið því fram, að hann með veitingunni fyrir embætti sínu hafi samkvæmt fjárlögum fyrir 1866—67, sbr. at-
hugasemdir stjórnarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877 um 11. gr. 1, öðlast lögheimilaðan rjett ekki að eins til 1200 kr. árlegra launa að upphafi, heldur og til að fá 200 kr. launaviðbót fyrir hverra þriggja ára embættisþjónustu, þangað til launin væru orðin 2000 kr., og að auk 60 kr. á ári í stað bújarðar og launaauka eptir 9. gr. í lögum 26. marz-mán. 1870, og þessum rjetti hafi læknaSKIPUNARLÖGIN 15. októbermán. 1875 ekki svipt sig; sjer hafi því borið 200 kr. launaviðbót eptir aldri frá 1. nóvbr. 1876 að telja, eins og sjer einnig bæri hin síðasta 200 kr. launaviðbót eptir aldri frá 1. nóvbr. 1879 auk tiltölulegs launaauka samkvæmt lögum 26. marz 1870 9. gr. Þessa skoðun hins stefnda getur yfirdómurinn ekki aðhyllt.

Eins og áður er sagt voru laun embættis þess, sem hjer um ræðir, þegar það var auglýst sem laust árið 1865, að eins 1000 kr. árlega og að auki 60 kr. í stað bújarðar, sem greitt var eptir fyrir mælunum um launaauka eptir kornverði. Á þessu var að vísu sú breyting gjörð með fjárlögum fyrir 1866—67, að launin voru hækkuð um 200 kr., en þar af leiðir engan veginn að hlutaðeigandi embættismanni hafi í

nefndum fjárlögum jafnframt verið veitt skuldbindandi fyrirheiti um 200 kr. viðbót fyrir hverja þriggja ára embættisþjónustu, uns launin urðu 2000 kr., því eins og opt nefnd fjárlög ekki innihalda neina ákvörðun þar að lútandi, þannig verður ekki álitid, að fjárlög, sem að eins ná yfir tiltekið tímabil, ákveði neitt um fjárframlög síðar, þegar það ekki með berum orðum er tekið fram. Hið sama er að segja um fjárlögin fyrir 1870—71 og fjárhagsáætluna fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, að þar er hinum stefnda að eins veittar tilteknar launaviðbætur, en ekkert fyrirheiti um samskonar launaviðbætur framvegis. Þegar þannig ekki verður álitid, að hinn stefndi hafi verið búinn að öðlast neinn lögheimilaðan rjett til frekari launaviðbóta, en hann þegar var búinn að fá, þá er lögin um aðra skipun á læknaþjeruðunum á Íslandi 15. október 1875 öðluðust gildi, getur honum því síður eptir þeim borið neitt tilkall til slíkra launaviðbóta, því hvað sem líður skoðun hins stefnda, að það hvorki sje samkvæmt orðum nje anda nefndra laga að svipta neinn embættismann þeim rjetti, sem hann var búinn að öðlast eptir eldri launaákvörðunum, þá er það auðsætt, að 3. gr. í optnefndum lögum í sambandi við 7. grein í hinum almennu launalögum s. d. ekki heimilar læknum þeim, sem þá voru skipaðir í embætti, neinn rjett til nýrri launaviðbóta, sem þeir ekki þegar voru búnir að öðlast lögmeitt tilkall til, þegar lögin öðluðust gildi.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, fær yfir-dómurinn ekki sjeð, að hinum stefnda beri tilkall til hærri embættislauna úr landssjóði, en honum hafa greidd verið að undanförru, og ber því að dæma áfrýjandann sýknan af kærðum og kröfum hins stefnda í

þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, á að vera sýkn af kærnum hins stefnda, Þorsteins Jónssonar, hjeraðslæknis á Vestmannaeyjum, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 3. maímán.

Nr 9/1880.

Hið opinbera

gegn

bændunum Kristni Magnússyni,
Sæmundi Sæmundssyni og fleirum.

Dómur:

Eptir að laxveiðivjelar H. Th. A. Thomsens kaupmanns í Reykjavík, sem er eigandi að laxveiði í Elliðaánum, höfðu verið rifnar úr ánum 25. júlímán. f. á., skipaði amtmaðurinn í suðuramtinu sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu að höfða opinbert mál gegn bændunum Kristni Magnússyni í Engey, Sæmundi Sæmundssyni á Elliðavatni og öðrum þeim mönnum, sem höfðu verið með þeim að tjeðu verki, fyrir brot móti 298. gr. hinna almennu hegningarlaga. Samkvæmt þessari amtsskipun stefndi nefndur sýslumaður 26 bændum í Seltjarnarneshreppi með stefnu, dagsettri 19. ágústmán. næst á eptir, til að mæta fyrir lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. s. m. að Mýrarhúsum, til þess að þola dóm til hegningar m. m. út af hinu umrædda tiltæki, en er enginn hinna stefndu mætti fyrir lögreglurjettinum hinn ákvedna dag, var málið tekið upp til dóms, og dómur kveðinn